

Gæðauppgjör 2021




Sjúkrahúsið Vogur



# Þjónusta á sjúkrahúsinu Vogu 2021

Þrátt fyrir miklar almennar raskanir í samfélaginu og heilbrigðisþjónustunni allri vegna Covid-19 undanfarin tvö ár hefur tekist að halda úti öfluglu meðferðarstarfi á sjúkrahúsinu Vogu. Mikil áhersla var lögð á að halda sjúkrahúsinu opnu þrátt fyrir miklar samkomutakmarkanir og íþyngjandi sóttvarnaraðgerðir. Dregið var úr innlögnum á árinu 2020 um 20%, en fleiri voru lagðir inn á síðasta ár og þeim sem koma í fyrsta sinn fjölgaði aftur um 14%.

FJÖLDI INNTRITANA OG EINSTAKLINGA Á SJÚKRAHÚSINU VOGI 2011–2021




**2021**  
1457  
1862  
— Einstaklingar  
— Innlagnir



IGA

Fjöldi fyrstu komu einstaklinga eftir aldurshópum á sjúkrahúsinu Vogu 2020 og 2021 borinn saman við meðaltalsfjölda einstaklinga árin 2017-2019 (ath. sama óhefta aðgengi öll árin)




■ Meðaltal 2017/2018/2019 ■ 2020 ■ 2021




IGA

Þessi fjölgun virðist skila sér nokkuð jafnt í öllum aldurshópum, en áfram fækkar innlögnum í yngsta hópnum 19 ára og yngri og er það fagnaðarefni. Sérstaklega hefur verið hugað að snemmtæku inngripi fyrir ungmenni 25 ára og yngri með fiknsjúkdóm og er fækkunin því ekki vegna skerðingar á aðgengi í Covid.

**Fjöldi einstaklinga eftir aldurshópum á sjúkrahúsinu Vogi 2020 og 2021**




**FJÖLDI INNRLITANA OG EINSTAKLINGA 25 ÁRA OG YNGRÍÁ SJÚKRAHÚSINU VOGI, 2011–2021**




Á þessum tveimur árum sem einkennst hafa af heimsfaraldri vegna Covid-19, skertri þjónustu vegna sóttvarna og samkomutakmarkana, sést að vandi þeirra sem fengu tækifæri til að leggjast inn á Vog hefur verið alvarlegri, meiri dagleg drykkja, meiri neysla ópíóíða og hærra hlutfall þeirra sem lögðust inn reyndust hafa sprautað ópíóíðum í æð, samanborið við árinum fyrir Covid-19.

### Hlutfall sjúklinga með áfengis greiningu á sjúkrahúsinu Vogu sem drekka daglega



JGA

### Hlutfall sjúklinga sem nota sterkari ópíóíða á sjúkrahúsinu Vogu 2011-2021



JGA

Mikilvægi þess að standa vörð um þjónustu til fólks með fíknisjúkdóm hefur sjaldan verið meiri en nú, þegar loks hillir undir endalok þessa veirufaraldurs, enda heimsfaraldur fíknisjúkdóms enn í mikilli útbreiðslu. Eftirspurn eftir innlögn á Vog hefur aukist síðustu mánuði og eru nú um 750 manns að óska eftir mefðerð.

# Niðurstöður gæðavísa 2021



Sjúkrahúsið Vogur er að þróa sitt gæða- og umbótastarf í samræmi við leiðbeiningar frá Embætti landlæknis um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu og reglugerðar um gerð gæðavísa til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar (nr.1148/2008 með síðari breytingum skv. reglugerð nr. 615/2017).

## 1. Aðgengi og biðtími eftir þjónustu.

Á sjúkrahúsinu Vogu eru rúm fyrir 60 sjúklunga. Innlagnir eru 6-7 á dag, alla daga ársins og nær þjónustan til einstaklinga frá öllum landshlutum.



Sérstakur forgangur er fyrir einstaklinga sem eru að koma í fyrsta sinn og ungmenni yngri en 25 ára. Meðalbiðtími eftir innlögn á Vog var 55.4 dagar ár árinu 2021 en 23 dagar ef um fyrstu innlögn var að ræða. Með áherslu á snemmtækt inngrip fyrir yngsta hópinn varð biðtími ungmenna 25 ára og yngri að meðaltali 13.7 dagar, en 11.4 dagar fyrir einstaklinga í fyrstu innlögn.

Eins og áður þjónustar sjúkrahúsið Vogur allt landið, þótt hlutfallslega flestir sem leggjast inn séu búsettir á höfuðborgarsvæðinu.



## 2. Innlagnir og endurkomutíðni


Innlagnir á árinu 2021 voru 1862 fyrir 1457 einstaklinga, þar af voru 472 einstaklingar í sinni fyrstu innlögn á Vogu. Endurkomutíðni fer lækkandi en 24% allra sem lögðust inn komu aftur innan árs 2019 en lækkar í 22% endurkomur innan árs á síðasta ári. Ef horft er sérstaklega til einstaklinga í fyrstu innlögn koma nú 9% þeirra aftur innan árs sem er lækkun úr 12% árið 2019



### 3. Ótímabær lok meðferðar

Meðferðin á sjúkrahúsinu Vogu leggur áherslu á fíknsjúkdóm sem margþátta sjúkdóm sem hægt er að meðhöndla. Hún er byggð á læknisfræðilegum greiningum, afeitrun með fagfólki, lyfjameðferð og einstaklingshæfðri sálfélagslegri meðferð sem hefst samhliða fráhvarfsmeðferð. Að baki meðferðinni standa áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem meta meðferðarþörf og aðstæður hvers og eins í viðtölum og stýra hópmeðferð, sálfræðingar sem meta sálfræðilega stöðu og leggja til leiðir til bata, læknar sem meta lyfjapörf vegna fráhvarfa og annarra líkamlegra jafnt sem geðrænna kvilla, og hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sem veita öllum aðhlyningu eftir þörfum.

Innlögn á Vog miðast við 10 daga en getur verið bæði lengri eða styttri í samráði við fagfólk sjúkrahússins og er þá metin út frá þörf einstaklingsins. Ótímabær lok meðferðar miðast við að meðferð hafi lokið án þessa samráðs.



#### 4. Atvikaskráning

Óvænt atvik sem verða á sjúkrahúsinu Vogu eru skráð og tilkynnt til Embættis landlæknis tvisvar á ári. Með óvæntu atviki er átt við óhappatilvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Slík skráning er mikilvægur þáttur í að efla öryggi og tryggja að brugðist sé við óvæntum atvikum kerfisbundið og með einsleitum hætti.






## Þjónustukönnun 2021

Gerðar eru þjónustukannanir á meðal sjúklinga sem leggjast inn á Vog með reglubundunum hætti og niðurstöður þeirra notaðar til að bæta þjónustuna enn frekar.


Þjónustukönnun var lögð fyrir á Voggi í mars 2021. Svarendur voru ívið færri (68) en fyrri ár sem skýrist af áhrifum Covid-19 faraldurs.



Meirihluti svarenda voru karlkyns (61%), 68% höfðu dvalið 6-12 daga á Voggi þegar könnuninni var svarað og 70% svarenda höfðu áður lagst inn á Vog.

**Upplýsingagjöf fyrir komu á Vog:** Sjúklingar eru spurðir um upplýsingagjöf fyrir innlögn, ásamt því hvort um sé að ræða fyrstu innlögn eða endurkomu. Einnig er gefin möguleiki á því að koma á framfæri hvers konar upplýsingar viðkomandi fannst vanta.


## Fékkst þú nægar upplýsingar fyrir komu, til að undirbúa innlögnina?



Sjúklingar sem eru að leggjast inn í fyrsta sinn eru líklegri til að finnast upplýsingar vanta og nefna þá helst upplýsingar um hvað er leyfilegt að hafa með sér í innlögn. Unnið er að breytingum á heimasíðu SÁÁ til að gera upplýsingar og gátlista fyrir innlögn aðgengilegri, auk þess sem s.k. spjallmenni verður notað til að aðstoða sjúklinga við að finna upplýsingar á heimasíðu.


**Móttökur á Vog:** Spurt er um upplifun á móttökum annars vegar starfsmanna á Vog og hinsvegar um móttökur samsjúklinga. Mikill meirihluti sjúklinga upplifir móttöku sínar af hendi starfsfólks mjög góða eða frekar góða (91%)

## Hvernig voru móttökur starfsfólks við komu þína á Vog?



Júlia Guðrún Áspelund, MPH


## Hvernig voru móttökur annarra sjúklinga við komu þína á Vog?




Júlia Guðrún Aspelund, MPH

**Þjónusta fagstétta:** Spurt er sérstaklega um þjónustu þeirra fagstétta (læknar, áfengis-og vímuefnaráðgjafar, hjúkrunarvakt (hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar)) sem koma að meðferð skjólstæðinga á Vogu. Um og yfir 90% svarenda líkar þjónustan vel eða mjög vel.

## Hvernig líkar þér lækniþjónustan á Vogu?




## Hvernig líkar þér þjónusta hjúkrunarvaktar á Vogri?



Júlia Guðrún Aspelund, MPH


## Hvernig líkar þér þjónusta ráðgjafa á Vog? 2018-2021



Júlía Guðrún Aspelund, MPH

**Almennt um þjónustu og árangur í meðferð:** Spurt er um einstaka þjónustuþætti í meðferðinni og upplifun skjólstæðinga af henni. Mikill meirihluti (85%) notenda þjónustunnar finnst að tekið sé tillit til þeirra óska og 85-90% að tillit sé tekið til aldurs og kyns í meðferðinni. Eins upplifir yfirgnæfandi meirihluti notenda þjónustunnar gagn af meðferðinni (85-92%)


## Finnst þér hlustað á óskir þínar þegar teknar eru ákvarðanir um þína eigin meðferð?



Júlija Guðrún Áspelund, MPH




## Er tekið tillit til aldurs þíns í meðferðinni?




Júlia Guðrún Aspelund, MPH

## Er tekið tillit til kyns þíns í meðferðinni?




Júlia Guðrún Aspelund, MPH

## Hversu gagnleg reynist þér meðferð í grúppum sem veitt er á Voggi?




Júlia Guðrún Aspelund, MPH

## Hversu gagnleg reynist þér fræðslan sem veitt er í fyrirlestrum á Voggi?




Júlía Guðrún Aspelund, MPH

## Hversu gagnleg reynist þér meðferð í grúppum sem veitt er á Voggi?



Júlia Guðrún Aspelund, MPH


## Hversu gagnleg eru þér þau meðferðarviðtöl sem veitt eru á Vogi?



Júlia Guðrún Aspelund, MPH


**Samskipti og líðan í meðferð:** Skjólstæðingar eru spurðir um upplifun sína af samskiptum í meðferð bæði við starfsfólk og samsjúklinga á Vogu. 86% skjólstæðinga finnast þeir alltaf eða oftast upplifa virðingu og tillitssemi af hendi starfsfólks á Vogu. Engin upplifði að þeim væri sjaldan eða aldrei sýnd virðing og tillitssemi.

## Finnst þér starfsfólk koma fram við þig af virðingu og tillitssemi?



Júlia Guðrún Aspelund, MPH

## Finntst þér aðrir sjúklingar koma fram við þig af virðingu og tillitssemi?




Júlia Guðrún Aspelund, MPH



Sérstaklega var spurt um upplifun af áreiti eða ofbeldi í dvölinni á Voggi: .

## Varðst þú fyrir áreiti/ofbeldi af samsjúklingum í dvölinni á Voggi?




### Árið 2021:

#### Lýsing á atvikinu frá 2 af 9 sem svöruðu já:


- Baktal og óbeint samsæri
- Samsjúklingur að reyna að draga mig út.

8 af 9 flokkuðu atvikið:



Júlía Guðrún Áspelund, MPH

## Varðst þú fyrir áreiti/ofbeldi af starfsfólki í dvölinni á Vogu?



### Árið 2021:

#### Lýsing á atvikinu frá 4 af 4 sem svöruðu já:

- Ekki hringt í lækni. T.d þegar ég þurfti lyf við mínum öðrum sjúkdómum
- Finnst notað lyf sem stjórnækni og verið að taka fram yfir hendur á mínum eigin lækni
- Frá lækni
- Hjallastefnan er fallin

2 af 4 flokkuðu atvikið:



■ Kynferðisleg áreitni ■ Ógnandi hegðun ■ Líkamlegt ofbeldi ■ Annað

Júlia Guðrún Aspelund, MPH

Einkunnagjöf: Skjólstæðingar eru beðnir um að gefa þjónustunni einkunn á bilinu 0-10.

## Einkunn 0-10 fyrir:

<b>2021</b>		<b>Meðal</b>	<b>Miðgildi</b>	<b>Hágildi</b>	<b>Lágildi</b>
n=67	Upplýsingagjöf	8,23	9	10	3
n=67	Heilbrigðisþjónustu	8,51	9	10	3
n=67	Aðbúnað	8,04	9	10	0
n=66	Matur/fæði	7,74	8	10	1
n=65	Meðferðina í heild	8,6	9	10	6



Júlia Guðrún Áspelund, MPH